STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 1993

Nr. 402 754 6. október 1993

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 38/1990.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B., F. og G. liða 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu, frá og með 7. október 1993 til og með 31. desember 1993 á eftirgreindum svæðum:

A. Í Héraðsflóa, frá línu réttvísandi austnorðaustur af Bjarnareyjarvita að línu réttvísandi austnorðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°53'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
B. Utan Breiðafjarðar, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
C. Utan línu fyrir Vestfjörðum, sem dregin er 8 sjómílur utan viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 328° réttvísandi frá Sauðanesvita (66°07'1 N, 23°39'2 V).

Ennfremur eru veiðar með botnvörpu heimilaðar á tímabilinu frá og með 1. nóvember 1993 til og með 31. janúar 1994 fyrir Vestfjörðum norðan línu sem dregin er 317° frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi norður um að 22°44'0 V, utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 81/1976.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 6. október 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 64, nr. 402. Útgáfudagur 6. október 1993.

Steindórsprent Gutenberg hf.